

Ed.

659. Nefndaralit

um frumvarp til laga um bifreiðaskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

Fjárhagsnefnd, eða meiri hluti hennar, hefir við athugun frumvarpsins komist að fastri niðurstöðu um rjettmæti þess i aðalatriðum.

Bifreiðum hefir fjölgað mjög ört hjer á landi á siðustu árum, er sýnir ljóslega, að þær bera sig vel fjárhagslega; verður því heldur naumast móti mælt, að mannflutningabifreiðar sjeu mjög arðvænlegar.

Eins og á stendur nú, bæði hvað atvinnuveg þennan snertir og þörf ríkissjóðs fyrir tekjuauka, verður ekki annað sjeð en rjett sje og sanngjarnt að leggja nokkurn skatt á bifreiðar, eins og aðrar þjóðir hafa þegar gert.

En þar sem nefndin vill gæta sem mestrar varúðar við skattálögur á þennan sem aðra atvinnuvegi landsmanna, telur hún rjett, að skatturinn sje lækkaður til muna frá því, sem hann er í frumvarpinu, og leggur því til, að það verði samþykkt með þessari

BREYTINGU.

Við 1. gr.

Fyrsta málsgrein orðist þannig:

Af bifreiðum, sem notaðar eru til mannflutninga, skal greiða árlegan skatt í ríkissjóð eins og hjer segir:

Af bifreið fyrir 1 mann	100 kr.
— — — — 2 menn	150 —
— — — — 3 — —	200 —

og svo áfram þannig, að skatturinn vex um 50 kr. fyrir hvern mann, sem bifreiðin rúmar, að meðtöldum bifreiðarstjóra, þó svo, að skatturinn fari eigi fram úr 450 kr. á bifreið.

Alþingi, 2. sept. 1919.

Guðm. Ólafsson, H. Steinsson.
skrifari og framsögum.

Undirritaður telur eigi rjett að leggja slíkan skatt og hjer um ræðir á bifreiðar, meðan vegir eru í jafnmikilli vanhírðu og nú.

Magnús Torfason.
form.